

Útdráttur

Viðhorfið til þess að eldast er viðfangsefni þessarar rannsóknar. Markmiðið er að fá skýrari mynd af því hvaða hugmyndir fólk gerir sér um efri árin. Það er farið í smiðju fræðimanna frá ýmsum tímum til að skoða hugmyndir þeirra um atriði sem tengjast því hvernig viðhorf einstaklingsins þróast og þroskast með hækkandi aldri. Megin ásar umræðunnar eru: dygðir, virkni, virðing og að vera einhvers virði.

Fjallað er um kenningar um öldrun í samhengi við lífshlaup og þroska einstaklinga. Kenningar um farsæla framvindu lífsins hafa nýverið litið dagsins ljós og með þeim er nýtt sjónarhorn á öldrun kynnt. Rýnt er í greinar í dagblöðum og tímaritum og síðan er farið á vettvang og tekin viðtöl við fólk sem komið er á efri ár.

Gripið er nokkuð tilviljanakennt niður í skrif lærðra og leikra en reynt að forðast skrif með sjúkdóma, peningamál og stjórnsmál að meginefni. Í viðtölum var lagt upp með hvað fólk hefði að segja um það að eldast og að vera kominn á efri ár og viðmælendum gefin lykilorðin: virðing, réttlæti og hamingja. Aldraðir í þjóðfélaginu eru skilgreindir út frá lífaldri, en bæði í greinum og orðræðu vísar hugtakið oftast til þeirra sem eru við lélega heilsu. Virðing er almennt talin dvínandi í samfélaginu og umfjöllun um réttlæti er oft tengd fjármálum. Hamingjuefni aldraðra eru önnur en þeirra sem yngri eru en *ekkert* bendir til að hamingja þeirra þurfi að vera minni en unga fólksins.

Niðurstaðan úr umræðunum um það að vera gamall var í stórum dráttum sú að flestir leggja sama skilning í það að vera gamall og það að vera heilsulaus.

Abstract

The purpose of this research is to explore attitudes toward aging. The aim is to create a clearer picture of people's ideas of the advanced years.

The ideas of medieval thinkers to present scholars are explored, and theories about how individuals develop and change with age are discussed in the context of virtue, respect and self-worth. Recent theories about positive aging have introduced a new perspective on aging. Randomly selected newspaper- and magazine articles, selected by excluding those with diseases, politics and money as main subject, are examined.

Some people classified as old were interviewed and open ended questions used to find out what they thought of being old, using the key words: respect, justice and happiness.

The elderly residents in our society are defined with respect to how long they have lived, but in written and spoken discourse "the elderly" is most commonly used in reference to those who are sick.

In general, respect seems to be decreasing in our society and the question about what is fair is often linked to finances. The elderly state particular reasons for their happiness which are different from younger people's, while nothing indicates that they are any less happy.

The main conclusion is, roughly speaking, that for most people aging is to have lost one's good health.